

2015

# Læsi – Jafningjafræðsla kennara og fræðsla til foreldra.

## Álftanesskóli – Flataskóli

Ábyrgðarmenn:

Auður Björgvinsdóttir

Erna I. Pálsdóttir,

Samstarfsaðilar/tengiliðir:

Flataskóli

Helga Melsted

Lokaskýrsla vegna þróunarverkefnis Álftanes- og  
Flataskóla um foreldrafræðslu og lestrarnám.

Garðabæ, júní 2017

Auður Björgvinsdóttir

Helga Melsteð

Lokaskýrsla vegna þróunarverkefnis Álftanes- og Flataskóla um foreldrafræðslu og lestrarnám.

Áfangaskýrslu var skilað 10. 6.2016.

Tilgangur þróunarverkefnisins var að:

- styðja og hvetja foreldra til að efla læsi barna sinna
- gera fleiri kennara hæfa til að skipuleggja og halda fræðslufundi fyrir foreldra og festa þar með þessa foreldrafræðsluna í sessi í Álftanesskóla
- styðja við starfsfólk Flataskóla í tilraun til að halda samskonar fræðslu.

Þátttakendur í verkefninu voru 22 sér- og umsjónarkennarar í 1.–4. bekk í Álftanes- og Flataskóla auk Auðar Björgvinsdóttur og Helgu Melsteð sem stýrðu verkefninu fyrir hönd sinna skóla. Þróunarverkefnið var tengt meistaraverkefni Auðar þar sem afstaða foreldra í 1. og 3. bekk Álftanesskóla haustið 2015 var skoðuð. Því voru send út upplýsingabréf til fræðsluyfirvalda Garðabæjar, skólastjórnenda beggja skóla og kennara sem tóku þátt í þróunarverkefninu til að afla leyfa.

Til að ná markmiðum þróunarverkefnisins sem best var ákveðið að fá fræðslu utanaðkomandi sérfræðinga, annars vegar í læsi og hins vegar í samskiptum heimila og skóla. Umsjónar- og sérkennarar sem tóku þátt í verkefninu fengu fræðslu og sátu svo rýnifundi þar sem þeir ræddu erindi sérfræðinganna og tengdu eigin reynslu og viðhorfum. Þeir sérfræðingar sem fengnir voru til samstarfs eru Steinunn Torfadóttir lektor við Háskóla Íslands sem fjallaði um lestrarfræði og Nanna Kristín Christiansen, verkefnastjóri á Menntasviði Reykjavíkur sem hélt erindi um samskipti heimila og skóla. Báðar voru meðvitaðar um að kennarar sætu rýnifundi og ræddu foreldrafræðslu í kjölfar erindanna og voru beðnar um að móta fræðslu sína með það í huga. Fræðslufundur Steinunnar Torfadóttur var haldinn í október 2015 og daginn eftir var rýnifundur kennara. Í nóvember 2015 var fræðslufundur Nönnu Kristínar Christiansen og rýnifundur kennara daginn eftir. Fundirnir voru teknir upp á myndband og hljóðupptaka gerð til vara.

Úrvinnsla fór þannig fram að samræður rýnihópanna voru skráðar niður, orð fyrir orð og svo þemagreindar í eftirfarandi þemu:

- Samstarf heimila og skóla.

- Ábyrgð kennara og foreldra.
- Skuldbinding foreldra.
- Áherslur í fræðslunni.
- Hvernig verður best staðið að fræðslunni?

Stjórnendur verkefnisins nýttu þær upplýsingar sem fengust úr þemagreiningunni til að endurskoða og breyta foreldrafræðslu Álftanesskóla og laga fræðslufund að Flataskóla. Á þeim vinnufundum sat einnig Anna Thorlacius sem hefur ásamt Auði séð um fræðslufundina á Álftanesi.

#### Afrakstur þróunarverkefnisins

Haldnir voru fræðslufundir fyrir foreldra í báðum skólunum. Álftanesskóli hélt fundi fyrir foreldra nemenda í 1. og 3. bekk eins og áður. Í Flataskóla var haldinn fundur fyrir foreldra nemenda í 1. bekk með sama sniði og í Álftanesskóla. Ekki náðist að halda fræðslufund fyrir foreldra nemenda í 3. bekk í Flataskóla en það stendur til haustið 2017.

Valdefling kennara og fræðsla til þeirra var stór hluti verkefnisins. Samtal þeirra á milli um ýmiskonar lestrartengt skipulag og gagnleg atriði því tengt var áberandi. Meðal annars kölluðu kennarar eftir samræmdum skilaboðum til foreldra frá grunnskólum Garðabæjar um heimalestur og mikilvægi hans, auk þess var mikið rætt um hvernig skuli bregðast við þegar lestrarþjálfun er ekki sinnt og hvort Garðabær geti gefið út samræmd viðbrögð við því.


Send var út könnun til þeirra kennara sem tóku þátt í þróunarverkefninu til að kanna hug þeirra til þess. Eftir á að hyggja fór könnunin of seint út eða um það leyti sem kennarar fóru í sumarfrí. Svörun var ekki nema 62% og er það mat okkar að hún hefði líklega verið betri ef könnunin hefði farið út meðan kennarar voru enn við kennslu.

Niðurstöður sýndu að kennarar töldu sig almennt hafa haft gagn af fyrirlestrunum og samræðunum, þó aðeins meira gagn af fyrirlestri Nönnu en Steinunnar.

Kennarar voru einnig spurðir hvort þeir teldu sig hafa þörf fyrir frekari fræðslu og samráð innan Garðabæjar um lestrarmál og eru niðurstöður hér að neðan.


1. Finnst þér þú hafa þörf fyrir að eiga samstarfsfundir með öðrum kennurum í Garðabæ um lestur og lestrarkennslu í framtíðinni?

Answered: 13 Skipped: 0




1. Ef þú svaraðir já, hve oft finnst þér að slíkir fundir ættu að eiga sér stað yfir veturinn?

Answered: 11 Skipped: 2



1. Telur þú þig hafa þörf fyrir aukna fræðslu um lestrartengd málefni (lestrarkennslu, orðaforða, stafsetningu o.s.frv.)?

Answered: 13 Skipped: 0



Þetta sýnir að kennarar telja sig hafa mikla þörf fyrir bæði fræðslu og samráð sem er jákvætt og væri gott ef yfirmenn skólamála í Garðabæ leitðu leiða til að bjóða upp á þetta.

Náðust markmið þróunarverkefnisins?

Markmið þróunarverkefnisins náðust að mestu leyti og var ávinningurinn af samstarfi og fundum margbreytilegur.

Með því að halda fræðslufundi fyrir foreldra voru þeir hvattir og studdir til að efla læsi barna sinna. Starfsfólk Flataskóla tók upp fræðslu fyrir 1. bekk og næsta haust verður fræðslu fyrir 3. bekk bætt við.

Eina markmiðið sem við teljum ekki hafa náðst og erum í vafa um hvort hægt sé að ná er að gera fleiri kennara hæfa til að skipuleggja og halda fræðslufundi. Töluverð starfsmannavelta er milli ára og þekking flyst með fólki. Nokkurs óöryggis gætir í kennarahópnum gagnvart fræðilegum hluta fræðslunnar enda hafa margir þessara kennara ekki fengið kennslu í lestrarfræðum í sínu kennaranámi. Við teljum ljóst að nauðsynlegt sé að innan hvers skóla eða innan Garðabæjar sé ábyrgðaraðili sem sinni þessu fræðsluhlutverki til foreldra, sé vilji til að hafa slíka fundi.

Þróunarverkefnið var kynnt í Hofsstaðaskóla 24.10. 2016. Aðrir skólar Garðabæjar hafa óformlega notið góðs af verkefninu með þeim hætti að þeir hafa óskað eftir og fengið upplýsingar og leiðbeiningar varðandi sína eigin foreldrafræðslu.

Nánar er hægt er að lesa um þetta þróunarverkefni í ritgerðinni „Við erum auðvitað sérfræðingar en við þurfum náttúrliga að vinna þetta í samstarfi við foreldrana, er það ekki?“ : þátttaka foreldra í lestrarnámi barna <http://skemman.is/en/item/view/1946/28081>

Útlistning á nýtingu þróunarstyrks

Styrkur í heild	1.130.000
Greiðslur til sérfræðinga	80.000
Laun	992.200
Annar tilfallandi kostnaður s.s. veitingar á rýnifundum.	25.000
Samtök umskólaþróun- ráðstefna um „Læsi er lykill“ – almenn fræðsla fyrir kennara Álftanesskóla.	32.800